

178

22. gr.

13. des.

Formaður prófnefndar sendir að afloknu prófi viðkomandi lögreglustjóra nöfn þeirra, er staðizt hafa prófið. Á prófsveinn þá rétt á, ef hann er 20 ára eða eldri, að fá bætt við á ökuskirteini sitt heimild til þess að stýra leigubifreið til mannflutninga.

23. gr.

Með reglugerð þessari er numin úr gildi reglugerð nr. 132 28. des. 1936, um próf fyrir bifreiðastjóra með öllum áorðnum breytingum, svo og öll önnur reglugerðar-ákvæði, er brjóta í bága við reglugerð þessa.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941 og lögum nr. 49 5. apríl 1948, um breyting á þeim lögum, og öðlast þegar gildi.

Dómsmálaráðuneytið, 13. desember 1948.

Bjarni Benediktsson.

Sigurgeir Jónsson.

179

REGLUGERÐ

21. des.

um breyting á reglugerð fyrir Vestur-Barðastrandarsýslu um eyðing bandorma í hundum, nr. 62 frá 24. ágúst 1923.

Í stað „kr. 1.00“ í 8. gr. komi: kr. 10.00.

Þannig samþykkt af sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu í apríl 1948.

Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu, 21. desember 1948.

Jóhann Skaptason.

180

AUGLÝSING

30. des.

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Vestmannaeyjakaupstað, nr. 70 3. ágúst 1926, sbr. reglugerð nr. 9 4. janúar 1941 og nr. 73 13. maí 1942.

Vörugjald af ísvörðum fiski og hraðfrystum fiski skal vera kr. 2.00 fyrir hver 100 kg, og af fiski upp úr salti og fullverkuðum saltfiski kr. 1.20 fyrir hver 100 kg, þar til öðruvísi kynni að verða ákveðið, þó ekki lengur en til ársloka 1949.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 30. desember 1948.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.